

Ársskýrsla 2014



Hér birstist ársskýrsla Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2014. Hér er fjallað um starf skólans út frá skólasamningi og prófleyðublaði skólans.

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Á vorönn 2014 voru nemendur við skólann 172. Þar af voru 90 karlar og 82 konur. Um 30% nemenda voru eldri en 20 ára og um 20% búsettir utan sveitarfélagsins. Til stúdentsprófs voru skráðir 90 og flestir á hug- og félagsvísindabraut eða 48, 10 voru á kjörnámsbraut og 32 á náttúru- og raunvísindabraut. Á framhaldsskólabraut voru 16, 7 voru skráðir í fjallamenskunám og 15 í vélstjórnarnám. Á vorönninni voru 25 á starfsmannalistanum. Kennarar í fullu starfi voru 13 og í hlutastarfi voru 7. Aðrir starfsmenn voru 5 og þar af 4 í fullu starfi og 2 eru húsverðir í Nýheimum sem sinna húsvörslu og þrífum í skólanum.

Á haustönn 2014 voru 184 nemendur við skólann og á starfsmannalistanum voru 28 nöfn. Kennarar í fullu starfi voru 8, 10 eru í hlutastarfi og 1 kennari var í námsorlofi. Auk þess var Eyjólfur Guðmundsson skólameistari í námsorlofi. Aðrir starfsmenn í fullu starfi voru 4 og 2 að auki í hlutastafi. Auk þess eru í Nýheimum tveir húsverðir sem sjá um ræstingu og húsvörslu fyrir skólann. Kynjaskipting var þannig að 88 karlar og 96 konur voru á nemendalista. Um 26% nemenda voru eldri en 20 ára og um 20% búsettir utan sveitarfélagsins. Flestir nemendur voru skráðir í nám til stúdentsprófs eða 94 alls. Þar af 45 á hug- og félagsvísindabrauti, 35 náttúru- og raunvísindabraut og 14 voru með aðrar áherslur og skráðir á kjörnámsbraut. Til framhaldsskólaprófs voru skráðir 29 nemendur, 12 í vélstjórnarnámi og 7 í fjallamenskunámi.

Námsframboð:

Á haustönn 2014 var fram haldið kennslu með breyttu námsframboði skólans í samræmi við lög frá 2008 og námskrá frá árinu 2011. Fyrsta skrefið var reyndar stigið á árinu 2012 þegar boðið ver upp á fjallamenskunám og nám til stúdentsprófs með áherslu á umhverfis- og auðlindafræði. Haustið 2013 náðu breytingarnar til alls náms til stúdentsprófs og einnig var þá boðið upp á nám til framhaldsskólaprófs samkvæmt nýrri námskrá.

Framhaldsskólaprófið við skólann er 120 einingar. Í kjarna eru 15 einingar. Þar af eru 5 í lífsleikni og 6 í heilsufræði. Til viðbótar eru 4 einingar sem eru annars vegar þátttaka í þemadögum og hins vegar þátttaka í félagsstarfi við skólann. Þemadagarnir eru annars vegar **vísindadagar** á haustönn og **opnir dagar** á vorönn. Á vísindadögum velur hver nemandi eitt viðfangsefni sem kennarar skólans hafa undirbúið og stýra. Miðað er við að vinnulag sé í anda vísindalegra vinnubragða og að fyrst dagur fari í efnisöflun, annar í úrvinnslu og sá þriðji í kynningu á niðurstöðum. Á opnum dögum er lögð meiri áhersla á sköpun og frumkvæði nemenda. Nemendur velja sér viðfangsefni sem þarf á einhvern hátt að vera skapandi og afurðin þarf að vera sýnileg svo sem ljósmyndasýning eða árshátíð. Vísindadagar og opin vika hafa verið við skólann um nokkurt skeið en með nýrri námskrá eru þessir þætti teknir formlega inn í skólastarfið og einkum ætlað að styrkja og efla grunnþætti náms, svo sem sköpun og lýðræði.

Til viðbótar 15 einingum í kjarna framhaldsskólabrautar taka nemendur 25 einingar í bóklegu námi og 20 einingar í list- og verkgreinum. Alls er því bundið val 60 einingar en aðrar 60 einingar byggjast á vali nemenda í samráði við skólann. Námsframboð í list- og verkgreinum er aukið verulega og miðað við að nemendur í námi til framhaldsskólaprófs taki ekki minna en 20 einingar í tveimur 10 eininga línunum í list- eða verknámi. Meðal nýrra áfanga í list- og verknámi á haustönn 2014 voru kvikmyndagerð og matreiðsla. Í þeirri endurskoðun á námskrá sem hófst haustið 2014 er gert ráð fyrir að framhaldsskólapróf verði 90 eininga nám í stað 120. Sú tilhögun rúmast innan ramma aðalnámskrár.

Núgildandi viðmiðið í námi til stúdentsprófs er að það taki 7 annir og er því 210 einingar. Boðið er upp á nám á hug- og félagsvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut og kjörnámabraut. Í nýju námi til stúdentsprófs er kjarninn 120 einingar, sérhæfing og bundið val 70 einingar og óbundið val er 20 einingar. Í kjarna eru 20 einingar í ensku, íslensku og þriðja máli. Umfang þessara greina er það sama og í eldra kerfinu en þó meira í ensku á náttúrufræðibraut og miðað við að 103 áfangarnir í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði tilheyri núna námi í grunnskóla. Áfangi í tölfræði er gerður að skyldu á öllum brautum en skylduáfangar í náttúrufræði og í hug- og félagsvísindum verða tveir í stað þriggja. Í hug- og félagsvísindum verður heimspeki skylda. Allir nemendur á stúdentsbrautum þurfa einnig að taka einn áfanga í verk- og listgreinum og einnig að taka þátt í þemadögum í fimm skipti. Skipulag og innhald sérhæfingar og bundins vals er með misjöfnum hætti eftir brautum. Á kjörnámabraut er valið í höndum nemenda og skóla út frá markmiði nemenda. Þar getur til dæmis verið um að ræða nám í fjallamennsku eða námspakki sem settur er saman fyrir þann sem ætlar sér í listaháskóla. Á náttúru- og raunvísindabraut eru 50 einingar bundnar þar sem áhersla er á stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði en á hug- og félagsvísindabraut er bindingin einungis 30 einingar.

Þetta framangreinda er núgildandi uppsetning námsins á stúdentsbrautum (210 ein.). Eftir tilkynningu ráðuneytis frá haustinu 2014 þar sem áréttað var að lágmarksfjöldi eininga væri 200 og að námið skyldi rúmast á 3 námsárum þá var hafist handa við endurskipulagningu stúdentsbrautanna með þetta að leiðarljósi. Gert er ráð fyrir að sú nýskipan taki gildi haustið 2015.

Nám á A-stig vélstjórnar er enn samkvæmt eldri námskrá og einnig í öðru starfsnámi sem er boðið upp á í gegnum Fjarmentaskólann. (Sjá nánari umfjöllun um Fjarmentaskólann síðar í þessari skýrslu.)

Framkvæmd markmiða:

Í viðauka Skólasamnings 2013-2015 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og skólans eru sett fram markmið í 6 liðum. Marmiðin eru tímasett og hér verða þau markmið sérstaklega skoðuð sem tilheyra árinu 2014.

1. Klára endurskoðun aðalnámskrár á vorönn 2013

Undir b-lið þar sem námsbrautir skv. nýrri námskrá eru til umfjöllunar þá eru þær í endurskoðun frá haustinu 2014 í takti við breytingar sem mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi frá sér um styttingu stúdentsprófs í 3ja ára nám.

Undir c-lið er fjallað um endurskoðun á sjálfsmatskerfi skólans og að unnið verði eftir því á skólaárinu 2013-14. Endurskoðað sjálfsmatskerfi er enn ekki fullfrágengið en unnið er eftir bráðabirgðaútgáfu. Í aðalatriðum er sú útgáfa framhald af þeirri sem áður gilti og unnið samkvæmt henni að öllu leyti.

2. Auka listnám, verknám og skipandi greinar í FAS í samvinnu við Vöruhúsið á árinu 2014

Kennsla í ljósmyndun, sjónlistum, fatasaumi og kvikmyndagerð fór fram í Vöruhúsinu og þar er komin upp aðstaða og búnaður sem hæfir. Þar er einnig verknámsaðstaða þar sem kennd eru málmsmíði, vélstjórn og málmsuða. Í flestum þessum greinum er markvisst unnið að því að efla sköpun og frumkvæði nemenda og verkefnin eru miðuð við áhuga og færni hvers og eins. Síðast en ekki síst þá er komin upp listasmíðja með FAB-Lab tölvutækni í Vöruhúsinu og býður hún upp á margvíslega möguleika sem nemendur FAS munu nýta sér í vaxandi mæli.

3. Starfsnám í samvinnu við aðra framhaldsskóla:

Undir þessum lið eru 7 liðir frá a til g. Hér verður fjallað um þá liði sem varða árið 2014 en vísað til síðustu ársskýrslu um framkvæmd annarra þátta.

Í c-lið er stefnt að því að koma á námi í fiskvinnu árið 2014. Þetta hefur ekki gengið eftir. Jarðvegur hefur verið kannaður hér heimafyrir en þar er talsvert verk óunnið. Eins hefur verið haldið uppi viðræðum við Fisktækniskóla Íslands um mögulega aðkomu þeirra að námskeiðshaldi og uppbyggingu námstækifæra fyrir fólk hér á skólasvæði FAS. Málið er því enn í vinnslu í árslok 2014 en óvíst um niðurstöður.

Í e-lið er talað um námskeiðahald í samræmi við menntastefnu ferðapjónustufyrirtækja árin 2013 og 2014. Varðandi 2014 þá tókst ekki að koma á námskeiðahaldi. Málinu hefur verið haldið vakandi og þörfin er til staðar. Í samvinnu við Fræðslunet Suðurlands, ferðapjónustuklasann Ríki Vatnajökuls og aðra, s.s. aðila í ferðapjónustu, þá verður þetta viðfangsefni áfram á dagskrá og stefnt að því að ná meiri árangri.

4. Fjarnám til stúdentsprófs í samvinnu við aðra framhaldsskóla

Undir b-lið segir: Árið 2014 verði unnið að endurskipulagningu og útvíkkun á fjarnámi til stúdentsprófs í FAS. Að þessu hefur áfram verið unnið í samstarfinu við Fjarmentaskólann (fjarmentaskolinn.is) og náðst árangur við skipulag námsins með skýrari upplýsingagjöf milli skóla og utanumhald með skráningu nemenda. Þar þarf að vinna enn frekar að mótun samstarfs og formgera samstarfið, t.d. með starfskrafti sem getur skipulagt hlutina í samstarfi skólanna.

5. Fjallamennskunámið

Liður b gengur út á að koma á samstarfi við erlenda skóla um fjallamennsku á árinu 2014. Unnið hefur verið að því að treysta almennt stöðu fjallamennskunámsins. Þar á meðal hefur verið leitað til erlendra samstarfsaðila, t.d. University of the Highlands and Islands (í Skotlandi) og er áhugi til staðar og gagnkvæm samskipti eru í undirbúningi, t.d. með nemendaskiptum og kennaraskiptum. Engin ákveðin leið hefur verið valin, enda þarf að huga að ýmsu, ekki síst kostnaði, þegar kemur að ákvarðanatöku í þessum efnum.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Sjálfsmatsskýrsla hefur verið unnin fyrir skólaárið 2013-14 og skilað. Úttekt fyrir haustönn 2014 mun því fylgja næstu sjálfsmatsskýrslu. Eins og fram kom í ársskýrslu 2013 þá hefur verið unnið að því að bæta vinnulag og námshæfni nemenda. Hér er birtur hluti úr þeirri skýrslu:

„Í nýrri námskrá er einingaviðmiðið vinna nemenda og í námskrárvinnunni í FAS hefur verið miðað við að hver eining sem er þriggja daga vinna nemenda sé 21 klukkustund eða sem svarar 7 klukkustundir á dag. Frá því að flutt var í nýtt húsnæði í Nýheimum hefur verið unnið að því að efla vinnu nemenda utan kennslustunda með skýru skipulagi í hverum áfanga og áherslu á að vinnan fari að mestu fram innan veggja skólans á tímanum frá 8-17 virka daga. Nemendur hafa reglulega verið spurðir um heildavinnu sína í námi og í ljós hefur komið að mikil fylgni er á milli vinnu og árangurs sem ekki hefur komið á óvart. Í þessu ljósi var tekin ákvörðun um það breyta fyrirkomulagi á vinnu nemenda utan kennslustofu á lesstofu skólans. Ákveðið var að í hverjum 5 eininga hefðbundnum áfanga yrðu nemendur að vera minnst eina klukkustund umfram fjögurra klukkustunda kennslu á lesstofu. Merkt var við nemendur á lesstofu og mætingin hafið áhrif á einkunn þeirra í áfanganum. Í áfangamati nemenda á haustönn var meðal annars spurt um vinnu á lesstofu. Einnig var rætt við kennara um þeirra upplifun að breytingunni. Í ljós kom veruleg óánægja margra nemenda með aukna vinnuskýldu á lesstofu. Brugðist var við því með skýrara skipulagi, meiri sveigjaleika og samræmingu á milli áfanga. Í öllum áföngum með lesstofuskýldu vegur mæting á lesstofu nú 5% af heildareinkunn, nemendur geta nú skipt hverjum klukkutíma á lesstofu á milli tveggja faga, hægt er að breyta vikuáætlun í hverri viku og eins og áður er hægt að sækja um til skólameistara að fá undanþágu frá mætingu á lesstofu“. (Ársskýrsla FAS 2013)

Á lokafundi vorannar í maí 2014 fóru kennarar og starfsfólk skólans yfir þær athugasemdir og álitamál sem upp komu á vorönn og gerðar voru ákveðnar breytingar fyrir haustönn. Í ljós

kom svo við lok haustannar að þátttaka nemenda á lesstofu var almennari, jákvæðni meiri, betri nýting var á vinnuáðstöðunni og vinnuandinn almennt góður. Hins vegar kom í ljós að betri árangri þurfti að ná með nemendum á fyrsta námsári. Því var ákveðið á lokafundi haustannar 2014 að skýra og skilgreina enn frekar í kennsluáætlunum og vinnufyrirkomulagi hvaða hlutverk lesstofan ætti að hafa í náminu og hvernig hún kæmi sem best að notum. Áherslan á árinu 2014 gekk því út á að skilgreina betur fyrirkomulag á lesstofuvinnu og fara eftir ábendingum frá nemendum og kennurum.

Úttektir:

Fyrirtækið **Rannsókn og greining** vann könnun á líðan nemenda í framhaldsskólum landsins árið 2013 og voru niðurstöður kynntar 2014. Gerð er grein fyrir þessari könnun í sjálfsmatsskýrslu 2013-14. Í stuttu máli kom í ljós að líðan stráka í FAS var almennt góð og betri en landsmeðaltal gaf til kynna. Hins vegar kom í ljós að líðan stelpna var ekki góð og lakari í FAS en landsmeðaltalið. Liður í því að greina vandann nánar og bæta ástandið þá hefur m.a. verið efnt til sjálfsstyrkingarnámskeiða og komið á jafningjafræðslu meðal ungs fólks þar sem nemendur FAS eru í ákveðnum lykilhlutverkum og vinna undir leiðsögn náms- og starfsráðgjafa skólans. Þessi vinna hefur markvisst verið sniðin að þörfum og áhugasviði stelpna þó svo nokkuð jafnskipt sé í þátttökuhópnum milli kynja.

Sömuleiðis vann **Rannsókn og greining** úttekt á vímuefnaneyslu ungs fólks 2013. Gerð var grein fyrir henni í síðustu ársskýrslu. Þar segir: „Í ljós kom að vímuefnaneysla nemenda í FAS var svipuð og í öðrum skólum. Áfengisneysla reyndist hins vegar með því mesta sem gerist hjá framhaldsskólanemendum á landinu. Brugðist var við því með því að herða og skýra reglur hvað varðar dansleiki og skemmtanahald, halda fund með foreldrum þar sem því var beint til þeirra að leyfa ekki eftirlistlaus partí né að kaupa vín fyrir fólk undir lögaldri. Einnig var skrifuð grein í staðarblaðið og málið rætt við vímuvarnahóp sveitarfélagsins“. (Ársskýrsla FAS 2013).

Aðrar úrbætur og viðbrögð sem gripið hefur verið til er að efla starf foreldraráðs við skólann og efna til umræðu meðal foreldra um vímuefnamál ungmenna. Þá var sérstakur forvarnafulltrúi settur til starfa (sem gegnir líka starfi náms- og starfsráðgjafa) og hefur hann leitt vinnu forvarnateymis innan skólans, með virkri þátttöku foreldraráðs, þar sem fyrirkomulag skemmtana og dansleikja hefur enn einu sinn verið tekið til endurmats og settar skýrari reglur sem kynntar hafa verið rækilega fyrir nemendum. Þar hefur m.a. nemendaráð verið haft með í ráðum á öllum stigum og tekið þátt í þessari stefnumótun.

Afkoma, rekstrarstaða:

Eins og kom fram í ársskýrslu 2013 þá var það ár erfitt fyrir rekstur skólans. Áætlun fyrir 2014 gerði ráð fyrir að reksturinn yrði innan fjárhagsrammans. Það tókst og gott betur því í lok árs 2014 voru um 3,5 milljónir í afgang af rekstrarfé skólans þegar tekið hefur verið tillit til bókaðra en um leið ógreiddra reikninga um áramót. Þetta hefur tekist þrátt fyrir að talsverð vinna hafi falist í endurskoðun námskrár og nauðsynlegri endurskipulagningu í kjölfarið. Hluti þeirra vinnu færast líka yfir á 2015. Tekið skal fram að kaup á nauðsynlegum búnaði og tækjum hefur verið í algeru lágmarki og engan veginn í samræmi við það sem þörf er á ef halda á í horfinu.

Brotthvarf:

Teknar eru saman brotthvarfstölur reglulega fyrir hverja önn samkvæmt samræmdu skráningarfyrirkomulagi í framhaldsskólum landsins. Þar er meðal annars verið að leita að ástæðum brotthvarfs.

Tölur um brotthvarf nemenda á vorönn 2014 sýna að alls hurfu 9 frá námi, eða um 4% nemenda. Þar er „fór að vinna“ algengasta ástæðan og næstalgengastar eru „persónulegar

ástæður“.

Brotthvarf á haustönn 2014. Alls hurfu 9 nemendur á brott frá námi á önninni sem er innan við 5% en ívið hærri tala en meðaltal síðasta árs. Ástæðurnar voru helstar: Fór að vinna eða persónulegar.

Ekki var ráðist í frekari rannsókn á bakgrunni né aðstæðum þeirra sem hurfu frá námi á árinu. Fram kom í svörunum að þessir nemendur höfðu allir íslensku sem móðurmál.

Stjórnun:

Stjórnun skólans á árinu 2014 var með hefðbundnum hætti. Samanber skipurit skólans þá einkennist stjórnunin að mestu leyti af tveimur lögum þar sem starfsmenn heyra beint undir skólameistara. Kennarar og aðrir starfsmenn hafa þó hver sitt starfsvið og bera þar mismikla ábyrgð. Þannig er starfsmaður sem er áfangastjóri í hlutastarfi og gegnir einnig hlutverki aðstoðarskólameistara. Annar kennari sér um erlend samskipti. Sá þriðji er sérstakur tengiliður við list- og verkgreinastarfið sem fram fer í Vöruhúsinu. Þannig mætti áfram telja upp útteilingu ábyrgðar og starfssviða innan skólans. Sú nýbreytni var höfð á verkaskiptingu frá og með haustönn að einn og sami aðili gegnir starfi félagslífsfulltrúa nemenda og umsjón með lesstofu.

Samvinna við aðra:

Eins og fram kom í ársskýrslu 2013 þá er samvinna við aðra aðila í nærsamfélagi skólans eitt megin einkenni hans. Má þar nefna:

- Samstarf um Þekkingarsetrið Nýheima sem var formgert 2013 og var 2014 fyrsta starfsárið.
- Vöruhúsið. Það er sameiginlegur vettvangur grunnskóla, framhaldsskóla, starfandi fyrirtækja og einstaklinga hvað varðar skapandi greinar.
- Framhaldsfræðslan. Í samstarfi innan Nýheima hefur verið kom á virkri tengingu við Háskólafélag Suðurlands og Fræðslunet Suðurlands.
- Fjarmentaskólinn. Í því samstarfi eru nú 12 framhaldsskólar víðs vegar um landið, í öllum landsfjórðunum. Þar er annars vegar unnið að því að auka framboð og aðgengi nemenda að iðn- og starfsnámi og hins vegar að þróa fjarkennslu í almennum greinum til stúdentsprófs.
- Á haustönn 2013 hófst samvinna við Nettóverslunina á Höfn um nýliðapjálfun í matvöruverslun. Sú samvinna hefur leitt til tenginga við Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, Háskólans á Bifröst og Rannsóknarmiðstöð verslunarinnar. Frekari samvinna og þróun á námskipulagi er í vinnslu en hefur ekki hlotið formlega afgreiðslu né staðfestingu.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:

Í skólasamningi eru ekki tilgreind nein sérstök verkefni né sérsvið umfram þau sem hafa verið tíunduð hér að framan.

Febrúar 2015, Zophonías Torfason skólameistari